

Fundur í Svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 12.01.12 – fundargerð

Fundurinn var haldinn í Efri-Vík (Hótel Laka). Mætt voru: Ástvaldur Guðmundsson, Elín Heiða Valsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Karl Ölvirsson, Ólafía Jakobsdóttir og Snorri Baldursson. Forföll boðaði Sigurður Skúlason, sem var með í síma hluta af fundi.

1. Fundargerð síðasta fundar, 18.11.11, hafði þegar verið samþykkt með tölvupósti.
2. Verndaráætlun fyrir nýtt svæði í Vatnajökulsþjóðgarði innan Skaftárhrepps

SB sagði frá fundi sem hann hafði átt með Halldóru Hreggviðsdóttur og Árna Geirssyni á Alta deginum áður. Alta mælir frekar gegn því að senda út drög að verndaráætlun fyrir samráðsfundi. Kalla þess í stað eftir óbundinni umræðu um ýmis álitamál.

SB sagði frá landslagsgreiningu afrétta sem Gísli Gíslason o.fél. í Steinsholti eru að vinna fyrir sveitarfélög á Suðurlandi, þ.m.t. afrétti Skaftárhrepps og þjóðgarðslandið. Vinnunni er ekki lokið. SB dreifði drögum að kortum sem sýna jarðmyndanir, útivistargildi og náttúrufarsgildi svæðisins. Hugmyndin er að þessi kort verði hluti af forsendum verndaráætlunar

Farið var yfir fyrirbyggjandi upplegg að verndaráætlun fyrir hið nýja svæði sem varð formlega hluti af þjóðgarðinum með útgáfu reglugerðar nr. 764/2011 og efnisatriði rædd:

- Kafli 2. Verndarflokkun. Fram komu tvö sjónarmið; annarsvegar að setja allt nýja svæðið í verndarflokk II, hinsvegar að setja mest allt svæðið í flokk II, en Skælinga, sem eru mikilvægt beitarnland, í verndarflokk VI. Ákveðið að kalla eftir opinni umræðu um þetta á samráðsfundum
- Engar athugasemdir gerðar við kafla 3 og 8
- Kafli 9:

Ákveðið að SB vinni hugmynd að texta um gervígga sem dreifð verndarsvæði

Kanna þarf betur rétt reiðhjóla á göngustígum vs gönguleiðum. Ekki þótti ástæða til að setja ákvæði um bátaumferð á Langasjó að svo stöddu

Ekki þótti ástæða til að setja inn ákvæði um bann við vetrarakstri á víðerni austan Laka.

Rætt var um opnun/lokun slóða sunnan Hellnafjalls, í flæðarmáli Langasjávar o.fl. Ákveðið að SB listi rök fyrir opnun/lokun slóða og styðjist þar m.a. við svör stjórnar við athugasemdum við Stjórnunar- og verndaráætlun.

Teikna þarf upp raunhæfar dagleiðir hestahópa á svæðinu og setja niður ánigarhólf eftir því. Rætt um að ástæða væri til að gera góða reiðleið meðfram Fjallabaksleið

3. Þórður H. Ólafsson mætti á fundinn og kynnti ásamt SB drög að rekstrar- og framkvæmdaáætlunum vestursvæðis fyrir árið 2012. Engar athugasemdir voru gerðar.
4. Kynnt var óformlegt erindi björgunarsveitanna í Skaftárhreppi um að taka þátt í verkefnum þjóðgarðsins gegn fjárstuðningi. Erindinu var vel tekið og SB falið að hafa samband við Gísla

Sigurðsson á Búlandi og finna heppileg verkefni. Nefnd voru verkefni svo sem stikun slóða í Tungnaárfjöllum, á Tungnaáröræfum og landbætur (lokun vatnsfarvega) meðfram vegi á Fjallabaki

5. Önnur mál. ÁG upplýsti um hugmyndir ÍsAlp um að reisa gönguskála á Svínafellsjökli. ÞHÓ upplýsti að verkefnið umhverfísráðuneytis um sameiningu stofnana sem sinntu landvörslu væri í ferli en ekki komin niðurstaða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.